

Hæstaréttardómar

Útgefandi: Hæstaréttarritari.

XV. árgangur.

1934.

Miðvikudaginn 17. jan. 1934.

Nr. 105/1933. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn

Martinus A. Olesen (Lárus Fjeldsted).

Veiðarfæri í ólagi.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 30. sept. 1933:
Kærði, Martinus August Olesen, á innan fjöggra vikna að greiða 6000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, en afplána hana með fjöggra mánaða og einnar viku einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd.

Ennfremur greiði hann allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem nánar segir í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, hitti varðskipið Ægir kærða á skipi sínu botnvörpunum, Offa, G. Y. 827, þ. 29. sept. f. á., 0,4 úr sjómílu innan við landhelgislínuna við Portland og hafði kærði þá lifandi fisk á þilfari og vörpuna í ólöglegu ásigkomulagi, sem sé þannig, að poki, belgur og botnrúllur belgsins voru innanborðs, en stjórnborðshlerar og varpan hékk utan á skipshliðinni, með dragstrengjunum lásuðum í hlerana, er voru votir. Að visu skapar þetta, að kærði var staddur á fiskisvæði inni í landhelgi,

með lifandi fisk á þilfari og botnvörpuna í því ásigkomulagi, sem sagt hefir verið, þannig, að engan sérstakan undirbúning þurfti til að kasta henni í sjóinn og byrja veiðar, svo og annað, sem upplýst er í málinu, líkur fyrir því, að kærði hafi í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í landhelgi, en gegn neitun hans þykir þó eigi næg sönnun fengin fyrir þessu. Lögregluréttardómurinn hefir því réttilega heimfært afbrot kærða undir 2. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 og þykir refsing hans, með tilliti til þess, að gullgildi íslenzkrar krónu er nú 54,35 aurar, hæfilega ákveðin samkv. 3. gr. 2. mgr. laganna 4000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi þriggja mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún fæst eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 kr. til hvors þeirra.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Martinus A. Olesen, skipstjóri á b/v Offa, G. Y. 827, greiði 4000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, er afplánist með þriggja mánaða einföldu fangelsi, ef hún fæst ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun, sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 100 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Martinus August Olesen, skipstjóra á togaranum „Offa“. G. Y. 827 frá Grimsby, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 29. þ. m. var varðskipið Ægir á vesturleið meðfram suðurströnd landsins. Þegar það, kl. 13,20, var komið nálægt Dyrhólaey, sást frá því togari, er síðar reyndist sá, sem áður er nefndur. Virtist hann koma á móti varðskipinu. En kl. 13,28 sneri togarinn til stjórnborða og hafði síðan stefnu út frá landinu, þangað til varðskipið kom að honum kl. 13,58. Var þá sett út bauja þar hjá honum, dýpi mælt 90 metrar og staður hennar ákveðinn kl. 14,44 með þessum hornmælingum:

Pétursey

> 36° 07'

Dyrhólaeyjarviti

> 60° 23'

Hjörleifshöfði

og reyndist hann 0,4 úr sjómílu innan landhelgislinunnar. Þegar komið var að togaranum kl. 13,58 hengu stjórnborðshlerar og varpan utanborðs á skipshliðinni, en pokinn, belgurinn og botnrúllur hans voru innanborðs. Lifandi fiskur var á þilfari. Virunum var lásað í hlerana og hlerarnir votir. Við þetta, sem hér er sagt, hefir kærði kannazt, en hinsvegar hefir hann neitað því, að hafa togað á landhelgissvæðinu. Heldur hann fram að hafa byrjað að draga vörpu sína úr sjó, síðast áður en Ægir tók hann fastan. laust fyrir kl. 16 á þeirra klukku, en það er sama og laust fyrir kl. 13,27 eftir klukku varðskipsins. Þetta hafa þrjú vitni af togaranum borið með honum og þetta kemur einnig allvel heim við skýrslu skipherrans á Ægi, sem segir, að togarinn hafi snúið kl. 13,28 og virtist liggja ferðlaus frá þeim tíma þangað til kl. 13,58, þegar Ægir kom að honum.

Það kemur þá til álíta, hvort skip kærða gat á þessari liðugt hálfri klukkustund, sem um er að ræða, rekið af punkti, fyrir utan landhelgislinuna þangað, sem baujan var sett út, eins og kærði heldur fram, eða hvort þetta megi telja óhugsandi.

Samkvæmt yfirlýsingu skipherrans á Ægi í réttinum, taldi hann möguleika á því, að skip kærða hefði á umræddum tíma rekið svo mikla vegalengd (um 1,6 úr sjómílu), að það hafi getað verið fyrir utan landhelgislinuna þegar kærði var að toga og fór að láta draga upp vörpuna. Þetta álit styðst við það, að varðskipið sjálft rak 1,05 úr sjómílu um klukkustund síðar á 35 mínútum, og að ganga verður út frá að vindur og straumbungi hafi verið meiri meðan skip kærða rak þessar um 30 mínútur frá kl. 13,28 til kl. 13,58. Og þar sem rétturinn verður að fallast á þenna möguleika og þessvegna líta svo á, að ekki sé sannað í málinu, að kærði hafi togað á landhelgisvæðinu, verður að sýkna hann af þeirri kæru. Hinsvegar er sannað, bæði með játningu kærða sjálfs og öðrum gögnum, að hann hefir gert sig brotlegan gegn 2. gr. laga nr. 5, frá 18. maí 1920, sem fyrirskipar að öll veiðarfæri togara skuli vera í búlka innanborðs þegar skipið er í landhelgi. Og þar sem alls ekki er ljóst af atvikum þeim, sem eru fyrir hendi, að kærður hafi hvorki verið að veiðum í landhelgi né undirbúningur ekki gerður í því skyni, heldur þvert á móti, getur leikið nokkur efi á hvort togað hafi verið á landhelgissvæðinu eða ekki, þá verður að sekta kærða samkvæmt 3. gr. áðurnefndra laga og þykir sektin, með hliðsjón þess. að hér er um fyrsta brot kærða á nefndum lögum að ræða og tilliti til þess, að dagsgengi gullkrónunnar er í dag 0,5207, hæfilega ákveðin 6000 ísl. krónur, sem greiðist innan fjöggra vikna til Landhelgis-sjóðs Íslands, en afplánist með fjöggra mánaða og einnar viku einföldu fangelsi, fáist sektin ekki greidd.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.